

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Reykjavík, 16. október 2019
UST201910-172/H.H.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 15. október 2019, um leyfi fyrir drónaflugi við Surtsey.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Tilgangur myndatökunnar er að fá yfirlit um dreifingu og fjölda selkópa í látrinu sem er á norðurtanga eyjarinnar. Þetta er m.a. gert til að kanna hvort selirnir hafi átt þátt í gróðurframvindu á tanganum undanfarin ár. Þar hefur gróður þétt sig mjög á sama tíma og selum í látrinu hefur fjölgað á undanförunum árum, skv. selatalningum er farið hafa fram um allt land á vegum Hafrannsóknastofnunar o.fl. aðila.

Myndatakan færi þannig fram að siglt yrði með bát út að eyju og stansað um 100 m úti fyrir norðurodda eyjarinnar. Lítil dróni, Phantom 4 Pro, yrði settur á loft og honum flogið frá bátinum í um 100 m hæð yfir norðurtanganum þar sem látrið er. Ætla má að fljúga þurfi ca. 4 línur yfir tanganum með u.þ.b. 100 m bili til að dekkja hann allan. Myndatakan mun taka um 30 mín., eftir það verður siglt frá eyinni.

Landtaka í eyinni verður ekki reynd.

Myndatakan færi fram nú í seinni hluta október eða þegar kemur fram í nóvember, ræðst það af veðri og hvenær Björgunarfélagið í Vestmannaeyjum getur siglt.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið er ekki líklegt til að hafa áhrif á náttúrufar eða verndargildi Surtseyjar, heldur þvert á móti munu niðurstöður rannsóknarinnar styrkja verndargildi svæðisins. Litlum dróna verður flogið yfir selum í látri, en miðað við uppgefna flughæð (um og yfir 100 m) er tryggt að truflun fyrir seli verður hverfandi lítil.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi við Surtsey sbr. lýsingu hér að ofan október – nóvember 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal þær reglur sem gilda um svæðið.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki eins og hægt er.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Haga skal flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir
Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur